

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

336. fundur

Föstudaginn 19. febrúar 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fjármál – staðan.
2. Greiðslukerfi (Klapp).
3. Fundur með hagsmunaaðilum.
4. Innri endurskoðun 2021.
5. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Fjármál- staðan.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.

2. Greiðslukerfi (Klapp).

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatæknimála hjá Strætó, fór yfir stöðuna á innleiðingu nýs rafræns greiðslukerfis hjá Strætó. Gert er ráð fyrir að taka hluta kerfisins í notkun fljótlega eftir páska og í framhaldinu verður unnið áfram að innleiðingu á frekari virkni kerfisins, t.d. varðandi greiðslupak, snertilausar greiðslur o.fl.

Markús Vilhjálmsson, sölustjóri Strætó, fór yfir breytingar á gjaldskrá og greiðslumiðlum við upptöku nýs rafræns greiðslukerfis.

3. Fundur með hagsmunaaðilum.

Umræða um skipulagningu á opnum fundi með hagsmunaaðilum verður tekin síðar þegar samkomutakmörkunum verður aflétt.

4. Innri endurskoðun 2021

Fyrir fundinum lá bréf endurskoðunarnefndar, dags. 02.02.2021 varðandi innri endurskoðun Strætó 2021.

Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að leita samkomulags við Deloitte ehf. varðandi framhald ráðningar vegna innri endurskoðunar Strætó um eitt ár þ.a. Deloitte ehf. annist innri endurskoðun byggðasamlagsins fyrir árið 2021.

Fyrir fundinum lá bréf frá endurskoðunarnefnd, dags. 17.02.2021, þar sem kynntar eru breytingar á lögum um ársreikninga með lögum nr. 102/2020.

5. Önnur mál

Rætt var um .möguleika á að verktakar geti komið með vagna sem ganga fyrir umhverfisvænum orkugjafa

Fundi slitið kl. 13:00.

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason